

Stjórnarfundur UMSB á Hvanneyri

5.5.2015

Mætt eru: Kristín, Pálmi, Þórhildur María, Sigurður sambandsstjóri og Sólrún Halla

1. Sambandsstjóri setur fundinn
2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Samþykkt og stjórnarmeðlimir skrifuðu undir.

3. Verkefni í gangi

a) Húsnæði UMSB

Pálmi útbjó umsókn til þess að sækja um húsnæði við íþróttamiðstöðina til að leggja fyrir Byggðaráð Borgarbyggðar. Þetta er hluti af samningi á milli UMSB og Borgarbyggðar. Þetta verður afgreitt á fundi Byggðaráðs fimmtudaginn 7. maí.

b) Tímatökutæki á íþróttavöllinn í Borgarnesi

Pálmi segir að tímatökutækin séu að koma. Búið er að fjármagna meirihlutann.

c) Umsóknir um starfsstyrk

Flest virk aðildarfélög hafa sótt um starfsstyrki. Golfklúbbarnir sóttu ekki um starfsstyrk.

d) Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Ásgeir fór á ÍSÍ þingið og þar var ákveðið að samþykkja umsóknir um að vera fyrirmyndarhérað ÍSÍ og Pálmi er byrjaður að vinna í umsókn fyrir UMSB.

e) Samningur við Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit

Pálmi og Sigurður tómskundastjóri fóru að skrifa undir samning við Skorradalshrepp. Pálmi fór á fund með Hvalfjarðarsveit og kynnti fyrir þeim samkomulagið á milli UMSB og Borgarbyggðar. Hvalfjarðarsveit er í stefnumótunarvinnu fyrir íþrótt- og tómskundastarfið þar.

f) Stefnumótunarfundur um framtíðarmarkmið UMSB

Stefnumótunarfundur í Hjálmakletti kl. 19, miðvikudaginn 6. maí. Kristmar Ólafs er með yfirstjórnina á fundinum og stjórnarmeðlimir vinna síðan úr hugmyndunum sem koma fram. Búið er að auglýsa fundinn og Pálmi ætlar að ítreka fundinn við formenn aðildarfélaganna á morgun, miðvikudag.

g) Tjaldsvæðið á Kárastöðum

Þetta verður tekið fyrir í Umhverfis-, skipulags- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar miðvikudaginn 6. maí.

4. Verkefni tómskundasamnings, Sigurður tómskundastjóri fer yfir stöðuna.

Frestað fram til næsta fundar

5. Dansíþróttafélag Borgarbyggðar á lista óvirkra félaga.

Pálmi fékk bréf frá stjórn Dansíþróttafélags Borgarbyggðar og bað um að komast á lista yfir óvirk félög þar sem félagið er ekki virkt eins og stendur.

6. Skipun í Unglingalandsmótsnefnd.

Pálmi talaði við Ómar Braga landsfulltrúa UMFÍ og fékk hjá honum þau hlutverk sem þarf að útnefna í fyrir unglíngalandsmót 2016.

Bókun: Stjórnin hugsar hvaða fólk hentar í nefndina. 10 – 11 manns í nefndinni.

7. Styrkveitingar stjórnar, umsóknareyðublað og reglur.

Pálmi útbjó reglur um styrkveitingar frá UMSB. Stjórnin veitir styrki tvisvar á ári, 31. maí og 30. september.

Bókun: Vinnureglur um styrkveitingar samþykktar af stjórn UMSB með breytingum í 5. grein: Hver einstaklingur getur eingöngu hlotið einn styrk við hverja úthlutun (tekið út – „á hverju almanaksári“), hvort sem viðkomandi er með einstaklingsumsókn eða hluti af hópumsókn.

8. Formannafundur, tímasetning, staðsetning, dagskrá.

Formannafundur verður haldinn í húsnæði UMSB, fimmtudaginn 11. júní kl. 20.

Hugmynd að dagskrá:

- Nóri skráningarforrit – kynning á forriti
- Spjall um markmiðasetningu UMSB af stefnumótunarfundi 7. maí í Hjálmakletti
- Unglingalandsmótsnefnd – fá hugmyndir frá formönnum
- Þjálfaranámskeið og skyndihjálparnámskeið – Pálmi ætlar að sækja um styrk
- Kynning á styrktarsjóðum – Fá aðila frá UMFÍ eða ÍSÍ til að kynna

9. Reglur um Landsmót, athugasemdir óskast fyrir 1.júní.

Bókun: Ef það koma athugasemdir inn á borð UMSB munu Kristín Gunnars og Pálmi fara yfir athugasemdirnar og meta hvort við munum senda þær áfram til UMFÍ fyrir 1. júní.

10. Styrkumsóknir

- a) Þorgeir Þorsteinsson vegna landsliðsverkefnis.

Bókun: Samþykkt að styrkja Þorgeir um 25. 000 kr.

- b) 4.fl Skallagríms vegna keppnisferðar til Finnlands.

Bókun: Samþykkt að styrkja 4. fl. Skallagríms um 75.000 kr.

11. Önnur mál.

- a) Umsóknir fyrir Unglingalandsmót árið 2018 og Landsmót 50+ árið 2017

Við munum ekki sækja um Unglingalandsmót fyrir árið 2018 þar sem við höldum það árið 2016. Sigurður tómsundastjóri hvetur stjórn UMSB til þess að sækja um Landsmót 50+ fyrir árið 2017.

Fundi slitið kl. 22:00

Sólrún Halla ritari